

Dr. Ágúst Einarsson prófessor

Erindi á ráðstefnu til heiðurs Brynjólfi Sigurðssyni prófessor, 30. september 2011

Menning og markaður í kvikmyndum

Glæra 1



Menning og markaður í kvikmyndum

Dr. Ágúst Einarsson prófessor

Ráðstefna til heiðurs Brynjólfi Sigurðssyni prófessor 30. sept. 2011

Aðfararorð - Fræðileg umgjörð - Eftirspurn, framboð og virðisdeðja - Hlutverk hins opinbera - Alþjóðlegur samanburður og fákeppni - Lokaorð



Ágætu áheyrendur

Aðfararorð

Í erindi mínu í dag mun ég fjalla um nokkra þætti sem tengjast rannsóknum og starfi Brynjólfs Sigurðssonar. Leiðarljósið er menning og markaður en Brynjólfur hóf fyrstur kennslu í þeim fræðum við háskóla hérlendis með nýju námskeiði sem hann hannaði, einmitt undir þessu heiti. Hann skynjaði hina breyttu tíma og aukið vægi menningar í efnahagslífinu og tengdi það markaðsfræðunum, sínu sérsviði. Brynjólfur var oft á undan sinni samtíð og það er merkilegt að Biblía markaðsfræðinnar, bók Philip Kotler, hefur verið kennd í öllum útgáfum hérlendis en það er einsdæmi í heiminum og var tilefni heimsóknar prófessors Kotler til Íslands fyrir mörgum árum. Sýn Brynjólfs á

menningu sem atvinnugrein tengdist einnig öðrum störfum hans en hann var formaður byggingarnefndar Háskóla Íslands um árabíl og voru flestar nýrri byggingar skólans reistar undir stjórn hans. Hér vil ég sérstaklega nefna nýbygginguna við Háskólabíó sem gerbreytti fyrirlestraraðstöðu við skólann auk þess sem hún eflði kvikmyndasýningar til mikilla muna.


Kvikmyndir skiptu Brynjólf miklu máli en þær eru einmitt umfjöllunarefni þessa erindis. Félagar hans í viðskipta- og hagfræðideild, prófessorarnir Árni Vilhjálmsson og Þórir Einarsson, unnu mikið starf fyrir skólann og menninguna og hugtakið mánudagsmyndir er einmitt komið frá þessum mönnum en það var heiti yfir vandaðar kvikmyndir sem þá voru sýndar á mánudögum í Háskólabíói. Þannig fléttaðist starf Brynjólfs inn í margt af því sem hefur gerst í Háskóla Íslands og í íslensku viðskiptaumhverfi undanfarna áratugi.

Fræðileg umgjörð

Eftir 1960, þegar menningarhagfræðin varð til, var í upphafi fjallað um að tækniframfarir ættu erfitt uppdráttar í listum. Þar af leiðandi lækki kostnaður minna með tímanum en í annarri framleiðslu. Það tekur nú jafn langan tíma að flytja tónverk eftir Mozart og þegar tónskáldið var uppi og leikrit Shakespeare eru hin sömu og fyrir nær 400 árum. Það þarf því alltaf fjóra söngvara í kvartett! Ekki má þó ofmeta þessi áhrif því að tækniframfarir hafa einnig stuðlað að framleiðniaukningu og lækkun kostnaðar innan lista.

Fagurfræði listaverka hefur alltaf verið umdeild og er víða til umræðu innan vísindanna. Tíminn velur bestu listaverkin og er besti dómari þegar til lengri tíma litið. Fólk ver þó tómstundum sínum á ólíkan hátt en tómstundir, sem eru forsenda afþreyingar og upplifunar, er tími sem ekki gafst almenningi fyrr en síðustu tvö til þrjú hundruð árin. Áður fór nær allur tími almennings í að afla sér lífsviðurværis og hvílast og því var lítill tími fyrir afþreyingu. Listir hafa þó ætíð fylgt mannum og eru mjög mikilvægur þáttur í menningu hans.

Glæra 2




Hugtakið virði innan menningarhagfræði

Til að leggja mat á virði menningarafurða er hið efnahagslega og menningarlega virði lagt til grundvallar. Með því að nota hugtakið virði út frá tveimur sjónarhornum fáum við heppilega umgjörð við mat á hagrænum þáttum menningar, þ.m.t. í kvikmyndalist. Menningarafurð hefur sérstakt virði og ekki er hægt að meta hana aðeins með hefðbundnum aðferðum hagfræðinnar.

Innan hagfræði endurspeglast virði vöru og þjónustu í verði og þeim nytjum eða notum sem einstaklingar hafa af vörunni. Verðið ræður úthlutun á markaði og tengir saman neytendur og framleiðendur. Virði í menningu er fólgið í menningarlegu eða fagurfræðilegu sjónarhorni, t.d. tónninn í tónlist eða litasamsetning í málverki. Það er því ekki aðeins verðið sem ræður mati menningarlegra afurða.

Fagurfræði kvikmynda gerir þær að áhrifamiklum miðli. Í kvikmyndum er sögð saga og góð og vel sögð saga hefur alltaf skipt miklu máli í samfélagi manna. Það skiptir engu máli hvort sagan er sögð í skrifuðum eða töluðum orðum, kvikmyndum, tónlist, dansi eða í málverki; öll þessi listform hafa fylgt mannum um langan tíma og sum þeirra frá ómunatíð.

Glæra 3




Listir, menning og skapandi atvinnugreinar

Sköpun skiptir máli innan margra vísindagreina. Menning og sköpun eru nátengd í tengslum við listræna framleiðslu. Sköpunin er krafturinn sem býr til listaverk. Hugsanlega má útskýra snilligáfu að hluta til með erfðum og tiltekinni samsetningu á genum. Þótt sköpun nái m.a. til lista er það þó mun víðtækara hugtak, m.a. í skapandi atvinnugreinum þar sem sköpun er í forgrunni.

Skapandi atvinnugreinar verða að mínu mati helstu atvinnugreinar 21. aldarinnar. Upplifunariðnaðurinn er stærsti atvinnuvegur heims og eru kvikmyndir hluti af honum. Kvikmyndaiðnaður getur orðið kjölfestuatvinnuvegur Íslendinga á 21. öldinni og stjórnvöld ættu að íhuga vel þann geira við uppbyggingu atvinnulífsins.

Glæra 4



Hinar fjórar víddir efnahagslífsins

Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, var helsti atvinnuvegur á Vesturlöndum fram yfir miðja 18. öld. Þá reið iðnbyltingin yfir með gufuaflinu en utanaðkomandi orka kom þá í fyrsta sinn inn í samfélag mannsins í miklum mæli. Iðnaðarframleiðsla einkenndi síðan 19. öldina og þjónustuframleiðsla var áberandi á 20. öldinni. Nú er frumframleiðsla yfirleitt lítil hluti af efnahagslífi flestra landa.

Hagræn umsvif menningar eru mjög mikil hérlendis. Framlag menningar til landsframleiðslu er um 4% og um fjórðungur af vinnuafli landsmanna er í skapandi atvinnugreinum. Sóknarfæri í þessum geira eru því mjög mikil.


Íslendingar kunna að ýmsu leyti vel til verka í skapandi atvinnugreinum, eins og í kvikmyndum. Við erum með vel menntað fólk, fallega og sérkennilega náttúru og erum fljót að leysa úr vandamálum en það skiptir máli í jafn dýrri framleiðslu og kvikmyndagerð.

Kvikmyndaöldin hófst hérlendis 2. nóvember 1906 en þá var sýnd kvikmynd í Fjalakettinum af för íslenskra þingmanna til Kaupmannahafnar. Áhugi almennings var mjög mikill á þessari nýjung enda ekki mikið um skemmtanir á þessum tíma. Erlendar myndir úr daglega lífinu og kvikmyndir frá framandi svæðum voru mest sýndar í upphafi. Íslenska kvikmyndavorið hófst með stofnun Kvikmyndasjóðs Íslands árið 1978 og með fyrstu úthlutuninni árið 1979. Þá hófst kvikmyndagerð hérlendis af því líkum krafti, miðað við fólksfjölda, að ekki eru dæmi um slíkt. Þá voru fjárframlög af opinberri hálfu aukin og vel menntaðir einstaklingar hösluðu sér völl innan

kvikmyndaiðnaðarins. Íslenska sjónvarpið hóf útsendingar árið 1966 og upp úr 1976 hættu t.d. ellefu starfsmenn í kvikmyndadeild sjónvarpsins til að hasla sér völl utan veggja þess. Eftir 1977 breyttust kvikmyndahúsin og fjölsalakovikmyndahús urðu algeng en slík kvikmyndahús voru áður óþekkt héraendis.

Eftirspurn, framboð og virðisbæja

Glæra 5



Samband magns og nytja innan menningar

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Ágúst Einarsson. Menning og markaður í kvikmyndum, 30. sept. 2011

5

Venjulega mettast þarfir neytanda smátt og smátt eftir því sem hann eignast meira af tiltekinni vöru. Þetta er þó ekki algilt í kvikmyndum því að með auknu kvikmyndaáhorfi fá neytendur oft meiri áhuga á kvikmyndum og horfa því á enn fleiri myndir en ella. Þetta er svipað og í tónlist. Sá sem hlustar mikið á tónlist vill oft einmitt heyra meira. Þannig eykst eftirspurnin með aukinni neyslu sem er óvanalegt.

Á myndinni sést að með vaxandi magni aukast nytjarnar, en það dregur úr aukningunni fram að magninu m_1 og nytjunum N_1 . Þetta er því svæði með minnkandi jaðarnytjar. Eftir magnið m_1 aukast nytjarnar og þá eru jaðarnytjar vaxandi. Eftir magnið m_1 hefur smekkur neytandans breyst þannig að hann vill gjarnan auka neyslu sína. Hér er um nokkurs konar lærdómskúrfu að ræða.

Glæra 6

Sérstaða kvikmynda felst m.a. í því að fólk veit ekki hvernig því líkar kvikmynd fyrir en eftir að það hefur séð hana. Fólk ræðir einnig mikið um hvaða kvikmyndir það hefur séð og umtal ræður miklu um aðsókn að kvikmyndum. Eftirspurn eftir kvikmyndum lýtur ekki venjubundum dreifingum markaðsfræðinnar. Tölfræðirannsóknir hafa einmitt sýnt að það eru engar eða nær engar reglur til um hvort kvikmynd slái í gegn eða ekki.


Ein frægasta tilvitnunin í umræðunni um kvikmyndir er í handritahöfundinn William Goldman: „Enginn veit nokkurn skapaðan hlut.“. Goldman hefur algerlega hitt naglann á höfuðið með þessari fullyrðingu því að ljóst er að ekki er hægt að spá fyrir um árangur kvikmynda. Þetta er því mjög áhættusöm atvinnugrein og hefur kvikmyndagerð stundum verið líkt við fallhlífarstökk. Ef fallhlífin opnast ekki er stökkvarinn dauður! Gjaldþrot í kvikmyndaframleiðslu eru ekki óalgeng. Mörg fyrirtæki hérlendis, sem stofnuð voru um eina einstaka kvikmynd, hafa orðið gjaldþrota. Eftirspurn eftir kvikmyndum er þó mikil í heiminum og fer vaxandi. Það vantar gott myndefni í framtíðinni og í því felast tækifæri.

Kostnaður við framleiðslu kvikmynda fellur að mestu til áður en tekjur koma inn og eykur það áhættuna í framleiðslu enn frekar. Oft er fullyrt að af tíu kvikmyndum séu sjö þeirra gerðar upp með tapi, og sumar með miklu tapi, ein er í járnum en tvær skila hagnaði, jafnvel miklum hagnaði. Þetta sýnir vel áhættuna í kvikmyndaframleiðslu og þetta er ein af ástæðum þess að kvikmyndaframleiðendur stofna oft mjög stór fyrirtæki, eins og tilfellið er í Bandaríkjunum, einmitt til að dreifa áhættunni.

Hlutfallslegir yfirburðir Íslendinga við kvikmyndagerð, eins og stórbrotið landslag og hæft og vel menntað starfsfólk, leiðir til lækkandi framleiðslukostnaðar. Samþjöppun kvikmyndagerðar á afmörkuðum svæðum ásamt þekkingarflakki og klasamyndun leiðir til hagkvæmni. Hér hefur byggst upp sérþekking í kvikmyndaframleiðslu eins og gerst hefur t.d. í sjávarútvegi og í hugbúnaðargerð. Sveigjanleikinn í kvikmyndagerð hér getur einnig skapað ákveðið forskot umfram aðra.

Teikniforrit hafa einnig aukið mjög möguleika kvikmynda. Margar kvikmyndir eru sambland af tölvuteikningum og leiknum atriðum, eins og þríleikurinn um Hringadróttinssögu. Fyrir þá tæknibyltingu var oft sagt að það væri ekki hægt að kvikmynda þessa sögu Tolkien.

Glæra 7



Virðisdeðja í kvikmyndaiðnaði

Í virðisdeðju í kvikmyndaiðnaði koma fram frumþættir, einkenni og stuðningsþættir. List- og viðskiptamenntun auk fjármögnunar eru mikilvægir stuðningsþættir. Það þarf að skipuleggja kvikmyndagerð mjög vel enda er um mjög kostnaðarsama framleiðslu að ræða. Kvikmyndir eru einkavara en ólöglegt niðurhal er ein mesta ógnunin í kvikmyndaframleiðslu nútímans.

Það þarf fyrst og fremst þrennt til að búa til kvikmynd, þ.e. hæfileika, menntun og fjármagn. Litræn vinna krefst mikils sjálfræðis. Stundum er sagt að kvikmyndaiðnaðurinn sé heimur þar sem framkvæmdastjórar reyna að vera leikarar og leikarar reyna að vera framkvæmdastjórar. Góð menntun er forsenda fyrir árangri. Markaðsmál eru einn meginþátturinn í starfi framleiðanda, dreifingaraðila og sýningaraðila enda felast þau í viðskiptamenntun, sem er einn stuðningsþátta. Fjármagn ræður úrslitum um hvort af kvikmyndagerð verður.

Fyrirtæki í kvikmyndaframleiðslu eru oft mjög stór en þar eru einnig mörg lítil fyrirtæki. Sameiginleg staðsetning getur leitt til sérhæfðra kjarna eins og er með leikhúsin við Broadway í New York eða í West End í London. Slíkt umhverfi felur í sér ytri stærðarhagkvæmni og berst þekking því hratt á milli aðila.

Dæmi um þessa sérhæfni á Íslandi eru tölvuleikjafyrirtækin. Tölvuleikjaframleiðsla hefur vaxið mikið undanfarin ár og hafa fyrirtækin notið stuðnings hvert af öðru. Öflug fyrirtæki geta dregið til sín annan rekstur eins og álverksmiðjan í Hafnarfirði gerði á sínum tíma.

Glæra 8

	Fjöldi langra, leikinna kvikmynda
Indland	1.091
Nígería	872
Bandaríkin	485
Japan	417
Kína	330
Frakkland	203
Þýskaland	174
Spánn	150
Ítalía	116
S-Kórea	110
Bretland	104

Tafla 1: Þjóðir sem framleiddu flestar langar, leiknar kvikmyndir á árinu 2006

Indland er langstærsti kvikmyndaframleiðandi heims með rúmar eitt þúsund kvikmyndir á ári. Næst í röðinni er Nígería með tæplega níu hundruð myndir og kemur það á óvart því að sá kvikmyndaheimur er okkur Íslendingum nær alveg óþekktur. Síðan koma Bandaríkin með tæpar fimm hundruð myndir á ári.

Tækniframfarir lækka kostnað og auka möguleika í framleiðslu. Fleiri geta gert kvikmyndir en áður og dreifingin er orðið einfaldari yfir netið. Kvikmyndagerð getur því í framtíðinni orðið eins og að skrifa bók. Það þýðir þó ekki að fleiri kvikmyndir slái í gegn. Fæstar bækur seljast í stóru upplagi. Þetta getur þó leitt til þess að kvikmyndafyrirtæki verði fyrst og fremst dreifingaraðilar fyrir marga framleiðendur en framleiði minna sjálf en áður. Þetta var einmitt þróunin með bókaútgefendur. Nú eru stórar bókaútgáfur erlendis fyrst og fremst dreifingarfyrirtæki.

Hlutverk hins opinbera, alþjóðlegur samanburður og fákeppni

Ýmsar atvinnugreinar njóta beins eða óbeins opinbers stuðnings þótt það sé ekki sjálfgefið. Í Bandaríkjunum er ekki opinber stuðningur við kvikmyndagerð en í Evrópu er nánast regla að stjórnvöld styðji við kvikmyndagerð.

Glæra 9

Flokkar	Lykilorð
hagfræði	verðleikavörur, ytri áhrif, hlutfallslegir yfirburðir, eftirspurn,
menning	skapandi atvinnugreinar
atvinna	uppruni, jöfnuður, varðveisla, menningarstefna, umfang menningar
byggðamál	tenging atvinnugreina, erlend tókufyrirtæki
menntun	dreifbýli, nýting fastafjármuna
landafræði	skólar, klasar og klasaáhrif
ríkisfjármál	landkynning sem samgæði, ferðaþjónusta gjaldeyristekjur, skattar, arðsemi

Tafla 2: Röksemdir fyrir því að stjórnvöld eigi að styðja við kvikmyndagerð

Hérlendis veita stjórnvöld fjárframlög til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, sem veitir styrki til kvikmyndagerðar, og einnig er endurgreiddur hluti af kostnaði við kvikmyndagerð. Hægt er að færa ýmis rök fyrir því að íslensk stjórnvöld ættu að styðja kvikmyndgerð.

Stjórnvöld eiga að tryggja öfluga innviði fyrir atvinnulífið, þar með talið kvikmyndagerð. Kvikmyndir eru menningarleg gæði sem eru verðleikavörur sem hafa jákvæð ytri áhrif. Kvikmyndir varðveita mjög vel sögu okkar og menningu og hafa mikil áhrif á vinnumarkaði. Þegar erlend kvikmyndafyrirtæki koma hingað til að taka upp myndir hefur það góð efnahagsleg áhrif, einkum á landsbyggðinni. Utan höfuðborgarsvæðisins vantar fjölbreyttari atvinnustarfsemi, enda landið stórt og þjóðin fámenn. Í kvikmyndaiðnaði eru því fjölmörg sóknarfæri fyrir landsbyggðina.

Glæra 10

Röð	Land	Hlutdeild menningar (%) í atvinnuþátttöku 2005
1	Holland	3.8
2	Ísland	3.8
3	Svíþjóð	3.5
4	Finnland	3.3
5	Bretland	3.1
6	Danmörk	3.0
7	Þýskaland	2.8
8	Sviss	2.7
9	Írland	2.5
	Meðaltal ESB	2.4
10	Austurríki	2.4
11	Noregur	2.2
12	Spánn	2.1
13	Ítalía	2.1
14	Frakkland	2.0
15	Lúxemborg	1.8

Tafla 3: Hlutdeild menningar í atvinnuþátttöku í fimmtán löndum Evrópu árið 2005

Kvikmyndagerð stuðlar að klasamyndun og ytri stærðarhagkvæmni sem lækkar kostnað. Með réttum stuðningi getur kvikmyndagerð öðlast slagkraft og orðið ein af mikilvægari atvinnugreinum okkar. Kvikmyndir eru öflugasta verkfærið til landkynningar og hafa bein áhrif á ferðaþjónustu og skapa miklar tekjur, þ.á.m. gjaldeyristekjur og skatttekjur. Samspil kvikmynda og ferðaþjónustu er mjög mikilvægt. Skerðing framlaga í Kvikmyndaþjóð Íslands eftir hrunið árið 2008 færir kvikmyndagerð hérlendis hins vegar tíu ár aftur í tímann.

Atvinnuþátttaka hérlendis í menningargeiranum er mjög mikil. Holland og Ísland eru á toppnum með 3,8% af vinnuaflinu í menningargeiranum. Önnur Norðurlönd eru frá 2,2% (Noregur) upp í 3,5% (Svíþjóð). Meðaltal hinna tuttugu og sjö landa Evrópusambandsins er 2,4%.

Glæra 11

Röð	Land	Fjöldi kvikmynda á íbúa 2008
1	Ísland	5,0
2	Singapore	4,8
3	Írland	4,6
4	Bandaríkin	4,5
5	Nýja Sjáland	4,2
6	Georgía	4,1
7	Ástralía	4,0
8	Kanada	3,2
9	S-Kórea	3,1
10	Frakkland	3,1
11	Noregur	3,0
12	Spánn	2,7
13	Bretland	2,7
14	Danmörk	2,6
15	Indland	2,6
16	Belgía	2,2
17	Austurríki	1,9
18	Ítalía	1,9
19	Sviss	1,8
20	Malasía	1,8
21	Svíþjóð	1,7
22	Mexíkó	1,6
23	Þýskaland	1,6
24	Holland	1,5
25	Portúgal	1,5
26	Ísrael	1,4
27	Finnland	1,4
28	Grikkland	1,4
29	Tékkland	1,3
30	Japan	1,3

Tafla 4: Fjöldi kvikmyndasýninga sem hver íbúi sér að meðaltali árið 2008

Ísland er með mesta kvikmyndaáðsókn allra landa. Þetta sýnir frjósaman jarðveg fyrir kvikmyndaiðnað hérlendis. Hér er löng hefð fyrir því að sækja kvikmyndahús, minni afþreyingarmöguleikar eru í boði miðað við fjölmennari þjóðir, hér er lakara veður en annars staðar sem gerir innanhússkemmtanir áhugaverðari en afþreyingu utandyra. Hér er mikill menningaráhugi, gott læsi er á kvikmyndir vegna mikils áhorfs sem eykur aftur eftirspurn.

Menningarneysla hérlendis er mjög mikil í alþjóðlegum samanburði og er hún t.d. mun meiri en á öðrum Norðurlöndum. Ísland er með hlutfallslega þrefalt hærri opinber útgjöld til menningarmála en nágrannaþjóðirnar sem þó leggja mikla áherslu á menningarmál. Íslendingar verja reyndar hlutfallslega allra þjóða mest af opinberu fjármagni til menningarmála en fámennar þjóðir leggja mikla áherslu á menningarmál til að viðhalda sérkennum sínum og sjálfstæði. Fæstir Íslendingar átta sig á því að menningarstarf er hér með blómlegasta móti miðað við önnur lönd.

Glæra 12

- Mörg störf í kvikmyndaiðnaði
- **Ríkisvaldið fær 5 krónur fyrir hverja krónu sem það setur í kvikmyndagerð**
- 1906-1979 voru framleiddar 36 kvikmyndir
- 1980-2011 voru framleiddar 174 kvikmyndir
- Fákeppni og Herfindahl-Herschman-stuðullinn
- Samkeppni og greining fákeppni

Störf í kvikmyndaiðnaði eru víða, m.a. í framleiðslu á myndrænu efni, í dreifingu, við sýningar í kvikmyndahúsum og í myndbandaleigum. Auk þess eru störf sem tengjast kvikmyndum í auglýsingageiranum, í sjónvarpi og í opinberri þjónustu auk afleiddra starfa.

Hægt er að sýna fram á að ríkisvaldið fær 5 kr. til baka fyrir hverja krónu sem það ver til kvikmyndagerðar. Aðstæður til kvikmyndagerðar á Íslandi eru að ýmsu leyti hagstæðar. Helsti vandinn er þó skortur á fjármagni og að framleiðslufyrirtækin eru ekki nægjanlega öflug. Kvikmyndagerð er vaxtarbroddur í atvinnulífinu sem fellur vel að atvinnuháttabyltingu hinna skapandi atvinnugreina og vaxandi hlutdeild þeirra í efnahagslífi heimsins.

Frá upphafi kvikmynda hérlendis árið 1906 til ársins 1980, á rúmum 70 árum, voru framleiddar þrjátíu og sex kvikmyndir en frá árinu 1980 til ársins 2011, á

um 30 árum, voru framleiddar eitt hundrað sjötíu og fjórar kvikmyndir. Mikil gróska hefur því verið í kvikmyndagerð síðustu þrjá áratugin.

Íslenskar kvikmyndir og íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa unnið til fjölmargra verðlauna víða um heim og þau eru vel þekkt í kvikmyndageiranum á heimsvísu.

Einungis þrjú fyrirtæki, Sambíóin, Sena og Kvikmyndahöllin, dreifa nær öllum kvikmyndum hérlendis. Þessi þrjú fyrirtæki eru einnig með nær allan kvikmyndahúsamarkaðinn. Mikil fákeppni er því í dreifingu og sýningum kvikmynda hérlendis. Dreifing og sýning kvikmynda er miklu meiri yfir netið nú en var fyrir nokkrum árum.

Fákeppnin á kvikmyndahúsamarkaðinum sést á því að Herfindahl-Herschman-stuðullinn er á bilinu fjögur til fimm þúsund sem er um þrefalt það sem talið er æskilegt út frá samkeppnisviðhorfum enda hafa samkeppnisyfirvöld hér nýlega lagst gegn frekari samruna á þeim vettvangi. Þessi staða fákeppni í dreifingu og sýningum kvikmynda hérlendis fellur vel að störfum Brynjólfs Sigurðssonar en hann var einn sá fyrsti sem lét sig málefni samkeppniseftirlits varða. Í þessu sambandi er einnig vert að geta um fræðigrein sem Brynjólfur ritaði í Klemensarbók, bók til heiðurs Klemens Tryggvasyni, hagstofustjóra. Þar fjallaði Brynjólfur um líkön þeirra Edward Chamberlin og Joan Robinson um einkasölusamkeppni. Þar fellur greining Brynjólfs á fákeppni með verðlagsákvæðum vel að núverandi stöðu á kvikmyndahúsamarkaðinum en ein niðurstaða hans var sú að verðlagsákvæði gætu við tiltekna aðstæður tryggt meiri hagnað en áður en takmarkað aftur á móti fjölda fyrirtækja.

Lokaorð

Meginniðurstaða þessa erindis er að mikil tækifæri felist í kvikmyndaiðnaði. Það er merkilegt að hægt er að tengja störf Brynjólfs Sigurðssonar flestu í þessari atvinnugrein og má þar nefna framsýni hans að sjá fyrir mikilvægi menningar í efnahagslífinu, störf hans við að bæta sýningaraðstöðu Háskólabíós, hins leiðandi kvikmyndahúss hérlendis á þeim tíma, störf hans að opinberum fjármálum þegar hugað er að framlagi opinberra aðila til kvikmyndagerðar, störf hans að samkeppnismálum og fræðilegt framlag hans til líkana á því sviði. Eina starfið sem Brynjólfur hefur gegnt á sinni fjölbreyttu starfsævi sem ég hef ekki getað tengt kvikmyndum er forstjórarstarf hans hjá Happraetti Háskóla Íslands en það er þó gaman að geta þess að það var fyrst eftir að hann varð forstjóri Happraettisins að ég fór að vinna á miðana mína, að vísu aðeins lægstu vinninga.

Störf Brynjólfs Sigurssonar liggja því víða og vona ég að mér hafi tekist að bregða ljósi á einn þátt þeirra mikilvægu starfa, þótt mér þykir vænst um vináttu hans um áratuga skeið.

Þakka ykkur fyrir.